

Nd.

844. Breytingartillögur

[54. mál]

við frv. til 1. um vitamál.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. 4. málgr. orðist svo:

Við Vitastofnun skal starfa skipstjórnarmenntaður maður, ráðinn að fenginni umsögn Vitanefndar. Hann skal m. a. annast eftirlit vitakerfisins.

2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Vitanefnd skipa sex menn og jafnmargir varamenn til fjögurra ára í senn. Fimm skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka, sem tilnefna einn fulltrúa hvert: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og samtök ísl. farmflytjenda. Ráðherra skipar sjötta manninn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann Vitanefndar.

Vitamálastjóri situr fundi Vitanefndar.

Heimilt skal ráðherra, ef ástæða þykir til, að fjölga fulltrúum í Vitanefnd, enda miði fjölgunin að því, að sjónarmið notenda og þeirra, sem bera kostnað af starfi Vitastofnunar Íslands samkvæmt V. kafla þessara laga, komi sem best fram. Þá skal Landhelgisgæslunni, Flugmálastjórn, Siglingamálastofnun ríkisins, Rannsóknarnefnd sjóslysa og Slysavarnafélagi Íslands gefinn kostur á að eiga fulltrúa í Vitanefnd þegar rætt er um mál er snerta starfsemi viðkomandi aðila.

3. Við 8. gr. Síðari málgr. orðist svo:

Óheimilt er að setja upp ljós eða önnur merki, sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.

4. 16. gr. fellur niður.